

Mættir: Harpa Reynisdóttir skólastjóri, Patricia Anna Þormar fulltrúi foreldra, Karl Eiríksson fulltrúi annars starfsfólks, Monika Jónsdóttir fulltrúi kennara, Hlynur Vald. Kristbjargarson og Málfríður Sólmes Friðriksdóttir fulltrúar nemenda, Martin Swift fulltrúi grenndarsamfélagsins, Bjarni Magnússon áheyrnafulltrúi foreldra, Björg Melsted ritari.

- **Rekstur skólans**

- Erum að komast á rétt ról sem hefur verið markmið síðustu ára. Stór hluti útgjalda er launakostnaður og forföll. Harpa á fund með fjármálaráðgjafa í næstu viku.
- Harpa nefnir að mikil vinna hafi fari í að yfirfara fjármál og sækja það fé sem skólinn hefur rétt á, ásamt því að sækja um styrki fyrir starfsþróun o.fl.
- Rætt aftur á næsta skólaráðsfundi.

- **Menntastefna Reykjavíkur, 2025-2027**

- Umræða um inntak aðgerðaráætlunarinnar. Harpa nefnir áherslur á lestur og aðgengi að bókasafni sem við teljum að vel sé staðið að í Melaskóli.
- Umræða um hvernig hægt er að ná betur til foreldra með fjölmennningarlegan bakgrunn. Melaskóli hefur tækifæri til að gera enn betur hvað það varðar, t.d. að halda kynningarfund að hausti með foreldrum sem ekki hafa íslensku sem fyrsta tungumál með túlk, nýta Brúarsmiði hjá Miðju máls og læsi.
- Umræða um skjánotkun og miðlalæsi. Allir sammála um að skólinn ætti eingöngu að nýta tölvur til náms og kennslu.
- Allir lesa yfirdrög að almennum aðgerðum menntastefnunnar og senda inn athugasemdir fyrir 19. desember.

- **Önnur mál**

- Umræða um hálfu á skólalóð. Harpa nefnir að það sé upphituð gönguleið, það er á ábyrgð skólans að salta og moka skólalóðina.
- Spurning um húsnæðismál. Harpa sendi fyrirspurn til húsnæðisnefndar um stöðuna fyrir nokkru síðan en hefur ekki enn fengið svör.
- Umræða um að líklega verði nokkur bið á því að skólinn verði tekinn í gegn og farið í stóru framkvæmdina, kannski væri gott að gera lista yfir þá hluti sem geta ekki beðið í mörg ár í viðbót.
- Málfríður nefnir að það vanti lyftu í gömlu bygginguna. Hlynur nefnir að salerni séu fá og sum frekar ógeðsleg að mati nemenda.
- Harpa kallar eftir fundi með húsnæðisnefnd og málið verður á dagskrá á næsta skólaráðsfundi.
- Hlynur nefnir að hann hafi rætt við sína samnemendur um hvaða breytingar þau myndu vilja sjá í skólastarfinu. Flestir nefna að fara meira út eins og í náttúrufærði, fjölbreyttari kennslu í flestum greinum. Málfríður segir að bekkjarfélagar sínir nefni aðallega síma, tyggjó o.fl. sem hún hefur sagt þeim að muni ekki verða að veruleika.
- Umræða um nemendaráð sem er starfandi í Melaskóla, gaman væri að halda nemendaþing.
- Hlynur nefnir að það sé mikilvægt að gera eitthvað skammtilegt með nemendum sem eru að útskrifast og kveðja skólann sinn til að þau fari með góðar minningar og stundum komi þau aftur seinna til að starfa við skólann. Harpa segir frá árshátíð 7. bekkjar.
- Málfríður nefnir að það þurfi kannski betri gæslu í frímínútum, margir krakkar séu með tyggjó og síma.

- Umræður um verkefni sem foreldrafélagið stóð fyrir, fræðsla frá SAFT sem nemendur fengu á skólatíma og foreldrum stóð til boða. Ágætis mæting á foreldrakvöldið og gerð foreldrasáttmála gekk vel í flestum árgöngum.

- **Fundi slitið**